

Stangveiðifélagið Flúðir,
Húsavík.

Alþingi
Erindi nr. P 130/1208
komudagur 2.3.2004

Stækkun stíflu Laxárvirkjunar mótmælt.

Stjórn Stangveiðifélagsins Flúða Húsavík lýsir yfir andstöðu við bráðabirgðaákvæði í fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um verndun Mývatns og Laxár, sem opnar fyrir möguleika á stækkun stíflu Laxárvirkjunar.

Með slíkri stækkun er verið að sökkva undir vatn **einu af fegurstu svæðum Laxár** í þeim tilgangi að verja virkjunarvélarnar gegn sandi, klakaburði og grjóti.

Því hefur verið haldið fram að skilyrði fyrir laxinn neðan við virkjun myndu batna með minnkandi sandburði í ánni.

Þessi fullyrðing styðst ekki við neinar rannsóknir og er hrein ágiskun. Sandurinn hefur verið hluti af lífríki Laxár í gegnum aldirnar og minnkandi sandur í ánni gæti alveg eins valdið neikvæðum áhrifum á lífríki hennar. Þetta er órannsakað.

Okkur finnst það skjóta skökku við, að samtímis uppbyggingu á ferðamannaíðnaði í Þingeyjarsýslum með náttúruskoðun á svæðinu sem aðalverkefni er fyrirhugað að gera náttúruspjöll á þessari náttúruferlu okkar fyrir fáein kílóvött.

F.h. stjórnar:

Bárður Guðmundsson,
Birgir Steingrímsson,
Þórður Pétursson,
Pétur Pétursson,
Ásgeir Böðvarsson.